

4. fulltrúaráðsfundur Landssambands ungmennafélaga: Sérstakur stefnumótunarfundur LUF

5. febrúar 2017, Hitt Húsið, Reykjavík kl. 18:00

Mætt eru: SÍF: Einar Hrafn Árnason og Davíð Snær Jónsson, Ungliðahreyfing Viðreisnar/Uppreisn: Ragnheiður Kristín Finnbogadóttir, UVG: Andrea Ósk Sigurbjörnsdóttir, UU: Pétur Halldórsson og Sigurður Thorlacius, JCI: Kjartan Hansson, Projekt Polska: Tomasz Chrapek, UP: Vignir Árnason, Ungmennaráð UNICEF: Lilja Hrund Ava Lúðvíksdóttir og Anna Arnarsdóttir, Kóder: Eyþór Máni Steinarsson, AIESEC: Marit Kristine Arvik, FUJ: Colin Arnold Dalrymple og SUF: Páll Marís Pálsson. **Sérstakir gestir voru:** Ásgrímur Hermannson formaður Æskulýðsráðs og Þuríður Elín Sigurðardóttir varaformaður ráðsins.

Fulltrúar stjórnar: Sigurður Helgi Birgisson (SHB), Sara Sigurðardóttir (SS), Marinó Örn Ólafsson (MÓÓ), Laufey María Jóhannsdóttir (LMJ), Guðbjört Angela Mánadóttir (GAM) og Ólafur Hrafn Halldórsson (ÓHH), auk Tinnu Isebarn (TI) frkvstj.

Fundarstjóri: Laufey María Jóhannsdóttir, alþjóðafulltrúi LUF

Fundur settur 18:00

Dagskrá:

- 1. LMJ setur fund og býður fundargesti velkomna.** Viðstaddir kynna sig í hópeflisleik.
- 2. Kynning á nágildandi stefnum:** TI heldur kynningu á stefnu LUF, stefnu Æskulýðsráðs, „EU Youth Strategy“, „Toolkit on Quality Standards for Youth Policy“, þarfagreiningu og veltur upp framtíðarhorfum stefnu ríkisins í málaflokknum og hvernig LUF getur haft áhrif á mótun hennar.
- 3. Fyrirkomulag stefnumótunar:** LMJ kynnir fyrirkomulag stefnumótunar í skrefum. Allt frá vinnufundi stjórnar og að afurðinni - stefnunni sjálfri, sem lögð verður fyrir sambandsþing 25. febrúar 2018.
- 4. Hlutverk og markmið LUF:** LMJ fer yfir hlutverk og markmið félagsins til að hafa til hliðsjónar og taka mið af.
- 5. Málaflokkar:** LMJ kynnti 15 þemu/málaflokka sem stjórn LUF kortlagði á vinnufundi sínum. Fram fóru umræður um flokkanna og óskað var eftir athugasemdum. Samþykkt var að fjallað yrði um eftirfarandi málaflokka á fundinum: Geðheilbrigði; samfélagslega ábyrgð félagasamtaka; fjármögnun félagsstarfa; lýðræðisþátttaka ungs fólks; jafnrétti; alþjóðavæðing; réttindi og þátttaka minnihlutahópa; mannréttinda- og lýðræðisfræðsla; umhverfismál; atvinnu- og menntamál; húsnaðismál; gæða skipti- og starfsnám; nútímavæðing; stefnumótun og ákvarðanatöku; og valdefling og leiðtogamennska.
- 6. Vinnustofur:** Skipt var í fimm hópa/starfsstöðvar, hver þátttakandi tók þrátt í þremur hollum í starfsstöðum að eigin vali og hver hópur ræddi þrjú málaflokka/þemu í hverju holti.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 20:30

TI ritaði fundargerð.

Fundargestir borðuðu saman kvöldverð á Rústík að fundi loknum.